

Reykjavík, 2. september 2010  
Tilvísun: HI10070069/0.1

Til fulltrúa í heildarstefnuhópi Háskóla Íslands

Það er mér gleðiefni að tilkynna um skipun starfshóps sem hefur það hlutverk að leiða stefnumótun Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2011-2016.

Háskóli Íslands hefur sett sér það langtímamarkmið að komast í fremstu röð háskóla. Fyrsti áfangi á þessari vegferð var markaður með *Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011* ([http://www.hi.is/is/skolinn/stefna\\_2006\\_2011](http://www.hi.is/is/skolinn/stefna_2006_2011)). Á þeim fimm árum sem liðin eru frá samþykkt stefnunnar hefur mikill árangur náðst við framkvæmd hennar. Þar sem gildistími stefnunnar rennur út á næsta ári er tímabært að undirbúa næsta áfanga. Gert er ráð fyrir að ný *Stefna Háskóla Íslands 2011-2016* verði samþykkt formlega í lok þessa árs og kynnt í byrjun ársins 2011 þegar Háskóli Íslands fagnar aldarafmæli sínu.

### **Skipan heildarstefnuhóps**

Heildarstefnuhópurinn er skipaður sem hér segir:

- Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektur vísinda og kennslu, formaður
- Daði Már Kristófersson, dósent við Hagfræðideild Félagsvísindasviðs
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Félagsvísindasviðs
- Hannes Petersen, dósent við Læknadeild Heilbrigðisvísindasviðs
- Unnur Anna Valdimarsdóttir, dósent í lýðheilsuvísindum við Heilbrigðisvísindasvið
- Hólmfríður Garðarsdóttir, dósent við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda við Hugvísindasvið

- Höskuldur Práinsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs
- Erlingur Jóhannsson, prófessor við Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild Menntavísindasviðs
- Steinunn Gestsdóttir, dósent við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs
- Guðrún Marteinsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
- Gunnar Stefánsson, dósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
- Hilmar B. Janusson, framkvæmdastjóri rannsókná- og þróunarviðs Össurar hf., fulltrúi utan Háskóla Íslands
- Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, fulltrúi utan Háskóla Íslands.
- Herdís Ólöf Kjartansdóttir, tilnefnd af stjórn Stúdentaráðs.
- Sigurður Kári Árnason, tilnefndur af stjórn Stúdentaráðs.

Með hópnum starfa Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs og Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og gæðastjóri Háskólans.

### **Verklag og tímaáætlun**

Eins og áður sagði er það hlutverk heildarstefnuhópsins að leiða stefnumótun Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2011-2016. Samkvæmt áætlun um verklag, sem var samþykkt í háskólaráði 6. maí sl. og staðfest af háskólaþingi 7. maí sl., munu forsetar fræðasviðanna fimm jafnframt skipa stefnuhópa hver á sínu fræðasviði og stýra starfi þeirra. Heildarstefnuhópurinn mun hafa samráð við stefnuhópa fræðasviðanna og vinna úr hugmyndum og tillögum þeirra, auk annarra aðila sem hann leitar til. Meðan á stefnumótunarferlinu stendur verða stefnudrögin rædd á reglulegum fundum rektors með forsetum fræðasviða og í háskólaráði. Þá mun rektor leita ráðgjafar annarra aðila varðandi einstaka þætti stefnunnar, s.s. fulltrúa atvinnu- og þjóðlífs, innlendra og erlendra sérfræðinga, doktorsnema, ungra vísindamanna, erlendra starfsmanna og stúdenta, fræðasetra Háskólans, fyrrverandi starfsmanna Háskólans og starfsmanna Landsbókasafns-háskólabókasafns.

Skipun heildarstefnuhópsins markar formlegt upphaf stefnumótunarvinnunnar. Meginþungi vinnunnar verður á komandi haustmánuðum og er gert ráð fyrir að drög að nýrri stefnu verði tilbúin fyrir lok október nk. Þá verða drögin send til umsagnar og í kjölfarið gengur heildarstefnuhópurinn frá endanlegum stefnudrögum. Miðað er

við að *Stefna Háskóla Íslands 2011-2016* verði á dagskrá háskólaþings í lok nóvember nk. og háskólaráðs í desember nk. Sem fyrr segir verður nýja stefnan síðan kynnt í upphafi 100 ára afmælisárs Háskóla Íslands. Í framhaldinu munu fræðasvið og deildir endurskoða stefnur sínar á grundvelli heildarstefnunnar.

Fyrsti fundur heildarstefnuhópsins verður haldinn í fundarstofu háskólaráðs í Aðalbyggingu þriðjudaginn 24. ágúst nk. kl. 10.00-12.00. Vinsamlega staðfestið komu ykkar með tölvupósti til mb@hi.is.

Ég vil að lokum færa ykkur öllum miklar þakkir fyrir að lýsa ykkur reiðubúin að taka þátt í starfi heildarstefnuhópsins. Skýr og framsýn stefna Háskóla Íslands til næstu ára er dýrmætasta gjöf sem Háskólinn getur fært þjóðinni á aldarafmæli sínu og jafnframt sá vegvísir sem hún þarfnast til að geta hafið sig upp úr þrengingum og horft til bjartrar framtíðar.

Með kærri kveðju

Kristín Ingólfssdóttir  
rektor

Samrit sent fulltrúum heildarstefnuhóps